

## Málfræðiverkefni 1

Eftirfarandi texti er úr bókinni Akam, ég og Annika eftir Þórunni Rakel Gylfadóttur, bls. 175.

Lestu textann vel og **strikaðu yfir a.m.k. 20 sagnorð, fleiri ef þú getur.**

Við Annika höfðum ákveðið að hittast síðar um daginn. Ég gat ekki hugsað mér að vinna á bókasafninu svo ég spurði hvort við gætum farið heim til hennar. Já sagði hún og yppti öxlum, nokkuð sem hún gerir í tíma og ótíma rétt eins og ekkert í þessu lífi skipti hana sérstaklega miklu máli. Ég panta bar pitsu, sagði hún og tók strax upp símann og kortið.

Eins og venjulega lögðum við undir okkur glæsilega borðstofuna og settumst við tvær fartölvur sem Annika reddaði. Ég var engan veginn í stuði til að einbeita mér og leið eins og ég væri nýbúin að hjóla hundrað kílómetra. Ég hallaði mér aftur og starði þungt hugsi upp í kristalsljósakrónuna yfir borðstofuborðinu og óskaði þess að frá henni stafaði töfragliti sem félli á mig og fengi mig til að gleyma öllum mínum áhyggjum. Mig langaði ekki heim, ég var algjörlega orkulaus og endaði á að spyrja hvort ég mætti leggjast aðeins í hvíta leðursófann í stofunni. Já auðvitað, sagði Annika og yppti öxlum. Ég held bara áfram með verkefnið, bætti hún við og beit í síðustu pitsusneiðina um leið og hún hamraði á lykllaborðið eins og reyndur forritari.

Það var farið að dimma þegar ég vaknaði upp í svitabaði. Ofan á mér lá þykkt ljósbleikt ullarteppi. Þegar ég reisti mig upp við dogg og leit út um gluggann sá ég Anniku úti á garðpallinum þar sem hún reykti mjóa sígarettu og talaði ákaft í símann. Þá rifjuðust upp fyrir mér óljósir kaflar úr draumnum sem ég hafði hrokkið upp af. Mig dreymdi að Linda væri að flýja gaurana sem við Akam sáum á pitsustaðnum, skelfingu lostin hljóp hún um alla skólalóðina og kallaði á mig. Gaurarnir gengu í hægðum sínum á eftir henni en virtust samt fara miklu hraðar yfir en hún sjálf. Sjálf stóð ég stjörf við skotið hans Akams og bannaði honum að fara þaðan. Feldu þig, feldu þig, hafði ég kallað í draumnum, þeir ætla að drepa þig. Í lok draumsins hafði Heinz-Otto birst, gengið að mér þar sem ég stóð gleiðfætt með útréttar hendur Akam til varnar, bent reiðilega á mig og spurt: Ist das Gerechtigkeit? Er þetta réttlæti?

**Veldu nú 10 sagnorð af þeim sem þú fannst í textanum hér að ofan og skrifaðu nýjar málsgreinar með sagnorðinu.**

1. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

2. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

3. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

4. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

5. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

6. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

7. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

8. Sagnorð \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

9. Sagnorð \_\_\_\_\_

---

10. Sagnorð \_\_\_\_\_

---

**Nú velur þú 3 sagnorð sem þú beygir eftir persónum.**

ég

þú

hann/hún/það

við

þið

þeir/þær/þau

ég

þú

hann/hún/það

við

þið

þeir/þær/þau

ég

þú

hann/hún/það

við

þið

þeir/þær/þau